

281. fundur Skólanefndar FS

12. desember 2006



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Albert Albertsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Garðar Páll Vignisson, Páll Ingólfsson, áheyrnarfulltrúarnir Ragnheiður Gunnarsdóttir og Valgerður Björk Pálsdóttir og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Uppgjör vegna afmælis.
 2. Útskrift og lok haustannar 2006.
 3. Vorönn 2007.
 4. Önnur mál.

1. Uppgjör vegna afmælis.

Jón Sæmundsson, gjaldkeri afmælisnefndar, kom á fundinn og kynnti stöðu mála varðandi fjármál vegna afmælis skólans. Styrkir frá fyrirtækjum og stofnunum nema 3.800.000 kr. en reiknað er með að kostnaður verði rúmlega sú upphæð. Reiknað er með að uppgjör verðir tilbúið í febrúar.

2. Útskrift og lok haustannar 2006.

Skólameistari sagði frá lokum haustannar en útskrift verður miðvikudaginn 20. desember kl. 15:00. Reiknað er með að um 50 nemendur útskrifist. Rakel Linda Gunnarsdóttir og Ólafur Ingi Jónsson hætta störfum um áramót, tveir kennarar fara í leyfi og tveir koma aftur úr leyfi.

3. Vorönn 2007.

Skólameistari kynnti drög að dagatali vorannar. Alls hafa 920 sótt um í dagskóla sem er meira en verið hefur á vorönn. Ásta Birna Ólafsdóttir hefur verið ráðin til að kenna í starfsdeild. Hanna María Kristjánsdóttir hefur verið ráðin í nýja stöðu kennslustjóra og Sigurlaug Kristinsdóttir hefur verið ráðin bókari.

4. Önnur mál.

- a) Albert spurði um samskipti skólans við háskóla, t.d. varðandi rannsóknarverkefni. Skólameistari sagði ekki um formleg tengsl að ræða en samtök framhaldsskóla hafa séð um samskipti við háskóla.

- b) Skólameistari sagði frá dagsverki fyrir Malaví en útlit er fyrir að nemendur hafi safnað um 1.200.000 kr. og skólinn mun fgefa sömu upphæð. Verið er að velja skóla í Malaví til að starfa með. Skólanefnd samþykkir að veita þennan styrk úr skólasjóði.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristbjórnsson,
fundarritari